



# Hæfnisvið og hæfnirammar í Íslensku sem öðru tungumáli

Fylgirit með  
kafla 19.3 í  
aðalnámskrá  
grunnskóla

# Efnisyfirlit

Formáli . . . . .	4
Inngangur . . . . .	5
Námsmat . . . . .	7
Hæfnirammur . . . . .	8
Hæfnistigin . . . . .	8
Hæfnisviðin . . . . .	9
1. Skilningur . . . . .	9
2. Tjáning. . . . .	9
Menningarfærni . . . . .	22
Heimildaskrá . . . . .	24

## **Hæfnisvið og hæfnirammur í íslensku sem öðru tungumáli**

ISBN 978-9979-0-2787-4

©2022 Menntamálastofnun

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2022 rafræn

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Hæfnisvið og hæfnirammur í íslensku sem öðru tungumáli er fylgirit sem unnið var samhliða endurskoðun kafla 19.3 í íslensku sem öðru tungumáli hjá Menntamálastofnun.

Að vinnunni komu: Þorbjörg Halldórsdóttir, Anna Guðrún Júlíusdóttir, Brynhildur Ragnarsdóttir og Þórhildur Oddsdóttir (þrjár síðastnefndu gerðu frumdrög verksins).

Ráðgjöf og stuðning við verkið veittu dr. Sigríður Ólafsdóttir og Krístrún Sigurjónsdóttir.

Eftirfarandi aðilar rýndu skjölin: Dr. Birna Arnbjörnsdóttir, rýnihópur verkefnastjóra frá Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Reykjanesbæ og Akureyri, rýnihópur kennara frá sjö grunnskólum, sérfræðingar frá Háskólanum á Akureyri, sérfræðingar frá Menntavísindasviði HÍ, sérfræðingar frá Menntamálastofnun, Félag grunnskólakennara, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnenda, Móðurmál – samtök um tvítýngi, Samtök íslenskra sveitarfélaga og dr. Elín Þöll Þórðardóttir.

## Formáli

Að læra íslensku sem annað tungumál er fyrst og fremst tungumálanám. Nemendur af fjölbreyttum uppruna sem setjast að hér á landi og hefja nám í íslenskum skólum þurfa á faglegri íslenskukennslu að halda til þess að geta stundað nám sitt óhindrað í íslensku skólasamfélagi. Endurskoðaði kaflinn um íslensku sem annað tungumál í aðalnámskrá grunnskóla byggir á tungumálaramma Evrópuráðsins sem hefur fyrir löngu sannað gildi sitt sem áreiðanlegt tæki til að byggja tungumálanám á.

Fylgiritið Hæfnisvið og hæfniramar í íslensku sem öðru tungumáli var unnið samhliða endurnýjun á kafla 19.3 í aðalnámskrá grunnskóla. Í því er að finna ítarlegri hæfniramma en þá sem eru í námskrárkaflanum auk þess sem fjallað er nánar um hvert hæfnisvið tungumálanámsins. Því er ætlað að gefa nokkuð ítarlega lýsingu á því sem tungumálanám snýst um og styðja þannig við faglegt starf með nemendum.

Íslenska er undirstöðunámsgrein fyrir nemendur sem stunda nám í íslensku skólakerfi. Allir kennarar bera ábyrgð á því að nemendur sem læra íslensku sem annað tungumál nái árangri og þeirri færni í íslensku sem námið krefst. Því er mikil þörf á öflugum samstarfi í skólum og að skýra hlutverk og leiðir hvers og eins í því ferli. Námskrárkaflinn um íslensku sem annað tungumál og fylgiritið á því erindi við alla kennara, skólastjórnendur og annað fagfólk í grunnskólum.

Vinna við endurskoðun á kafla 19.3 í aðalnámskrá grunnskóla hófst í byrjun árs 2019. Fjölmargir sérfræðingar og kennarar hafa komið að vinnunni síðan þá með ráðgjöf og rýni. Í Menntastefnu til 2030 er áhersla lögð á menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Endurskoðun kafla 19.3, auk gerð nýrra kafla í almennum hluta aðalnámskrárinnar sem fjalla um menningarlæsi, móttöku nemenda með fjölbreyttan bakgrunn og fjölyngi, tekur mið af meginstoðum stefnunnar sem eru: jöfn tækifæri fyrir alla, kennsla í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi og gæði í forgrunni.

## Inngangur

Námsgreinin íslenska sem annað tungumál<sup>1</sup> er ætluð nemendum sem eru að ná tökum á íslensku og eiga ekki íslensku að móðurmáli. Markmið með kennslunni eru að nemendur til- einki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Gera má ráð fyrir að nemendur fylgi hæfni- viðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í tvö til fjögur ár.<sup>2</sup> Eftir það fylgja þeir aðalnámskrá í íslensku samkvæmt aldurstengdum viðmiðum.

Hópur nemenda sem stundar nám í íslenskum skólum og lærir íslensku sem annað tungu- mál er afar fjölbreyttur. Þeir eru á mismunandi aldri og með mislangan dvalartíma; sumir eru fæddir hér á landi, aðrir hafa flust hingað á ungum aldri og enn aðrir hafa komið til landsins á mið- eða unglíngastigi. Til þessa hóps teljast líka Íslendingar sem hafa búið í öðru landi og hafa mismikla, jafnvel enga skólagöngu á Íslandi að baki. Bakgrunnur nemenda með íslensku sem annað tungumál er margbreytilegur, móðurmál þeirra eru mismunandi og reynsla af fyrri skólagöngu mismikil. Menningarbakgrunnur nemendanna er fjölbreyttur og hver einstaklingur er með sinn sérstaka persónuleika, áhugasvið og námsgetu.

Nemendahópurinn sem lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur og námsþarfir hans að sama skapi mismunandi. Yngri börn, sem nota móðurmálið heima og íslensku í skólanum, eru oft fljótari að byrja að tala og nota málið í daglegum samskiptum en þau sem eldri eru. Þau þurfa þó stuðning til að þau auki íslenskan orðaforða sinn jafnt og þétt. Eldri börn, sem hafa náð góðri færni í móðurmálum sínum geta aukið íslenskan orðaforða sinn hraðar en þau sem yngri eru.<sup>3</sup> Hér ber þó að hafa í huga að börn læra þau orð sem þau heyra og nota í hvoru tungumáli fyrir sig. Því er eðlilegt að íslenskur námsorðaforði aukist með virkri þátttöku í skóla- starfi og orðaforði móðurmálsins þróist út frá þeim aðstæðum sem það er notað í, hugsanlega mest í samskiptum við fjölskyldu og með lestri. Nemendur sem hafa náð færni í móðurmáli og öðrum tungumálum skulu hvattir og þeim gefin tækifæri til að tengja málin við íslensku og byggja á hæfni sem þeir hafa öðlast í gegnum önnur tungumál, bæði færni og þekkingu.<sup>4</sup> Nemendur sem læra íslensku sem annað tungumál eiga möguleika á að ná framúrskarandi árangri í íslensku ef vel er að námi þeirra staðið.

- 1 Orðið **annað** hefur fleiri en eina merkingu í íslensku. Það getur verið raðtala og þýtt nr. 2 sem kemur á eftir nr. 1, en einnig óákveðið fornafn og þýtt eitt annað eða eitt til viðbótar. Íslenska sem annað tungumál getur því annars vegar þýtt að íslenska sé 2. tungumálið sem einstaklingur lærir og tileinkar sér en hins vegar að hún sé eitt tungumál til viðbótar við þau tungumál sem einstaklingur hefur nú þegar á takteinum. Sjá einnig hugtakaskilgreiningar í *Leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2020).
- 2 Ekki eru til margar rannsóknir á því hversu langan tíma það tekur að læra íslensku og þetta er í fyrsta skipti sem settur er tímarammi um þetta nám í íslenskrari aðalnámskrá. Kenningar Jim Cummins (2008) um tileinkun á ensku og rannsóknir sem þeim tengjast benda til að það taki um 2 ár að ná tökum á talmáli sem samsvarar hæfni jafnaldra en um 5–7 ár að ná tökum á námstengdu tungumáli (e. academic language), sem samsvarar hæfni jafnaldra t.d. námsorðaforða (e. academic vocabulary). Því verður að gera ráð fyrir að nemendur þurfi áfram stuðning til að ná fullum tökum á námstengdu tungu- máli þegar þeir byrja að vinna eftir sömu hæfniviðmiðum og jafnaldrar í öllum bóklegum námsgreinum.
- 3 Finna má ítarlega umfjöllun um rannsóknir á tungumálatileinkun með tilliti til aldurs í *Second Language Acquisition* (Gass, Behney & Plonsky 2020), einkum bls. 503–514.

Námsefni í bóklegum námsgreinum, sem samið er fyrir nemendur sem eiga íslensku að móðurmáli, getur reynst þungt í vöfum fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál, sérstaklega til að byrja með. Gott er að nýta hæfniviðmið í íslensku sem öðru tungumáli til að meta hvenær er hægt að gera kröfur um að nemendur sem læra íslensku sem annað tungumál fylgi sömu áætlunum í bóklegum námsgreinum og samnemendur þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli.<sup>5</sup> Gera þarf ráð fyrir stuðningi og aðlöguðum námsáætlunum í öllum námsgreinum þar til viðeigandi hæfnistigi er náð í tungumálinu. Umfram allt ber að hvetja nemendur til dáða, að þeir setji sér markmið og væntingar um árangur og séu meðvitaðir um hvernig þeim skuli náð. Kennsla og þjálfun í námstækni sem hvetur til sjálfstæðra vinnubragða er mikilvæg í þessum samhengi.

Huga þarf sérstaklega að nemendum sem koma til Íslands með takmarkaða skólagöngu að baki og þeim sem glíma við sértæka námserfiðleika. Mikilvægt er að meta stöðu nemandans, styrkleika hans og reynsluheim þegar hann hefur nám í nýjum skóla og byggja námsáætlun á þeim grunni. Markviss kennsla í íslensku sem öðru tungumáli og námstækni er nauðsynleg fyrir þennan hóp nemenda. Í námskránni er gert ráð fyrir forstigi sem er sérstaklega ætlað þeim nemendum sem eru ólæsir og þurfa mikinn stuðning í námi. Miklu máli skiptir að hafa í huga að þessir nemendur geta náð góðri færni í námi með réttum stuðningi og þeir þurfa að finna að til þeirra séu gerðar væntingar um að þeir nái góðum árangri.<sup>6</sup>

Það er aldrei of seint að veita börnum stuðning í íslenskunámi og efla þau sem virka málnotendur. Börn geta auðveldlega lært fleiri en eitt tungumál samtímis eða hvert á eftir öðru. Börn þurfa að fá rík tækifæri til að ná færni í tungumálum í málumhverfi sínu, sérstaklega í skólastarfi en líka í frístundum, úti í samfélaginu og inni á heimilinu.

4 Umfjöllun um rannsóknir á áhrifum þess að nýta þekkingu á öðrum tungumálum í námi annars tungumáls má t.d. finna í *Second Language Acquisition*. (Gass, Behney & Plonsky 2020= bls. 133–153.

Umfjöllun um tungumálanám í tengslum við fjöltyngi og fjölmenningu (e. plurilingual and pluricultural competence) er einnig að finna í *Common European Framework of Reference for Languages: Learning, Teaching, Assessment. Companion Volume*. (CEFR), (2018), einkum bls. 157–161.

Finna má hugmyndir að leiðum til að vinna með fjöltyngi í *Leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2020).

5 Til eru rannsóknir sem segja hvaða hæfnistigi í tungumálinu nemendur þurfa að hafa náð til að geta stundað nám sitt óhindrað í bóklegum greinum t.d. Beacco o.fl. (2016) og Moe o.fl. (2015).

6 Umfjöllun um rannsóknir sem sýna mikilvægi hárra væntinga til nemenda með fjölbreyttan bakgrunn má t.d. finna í *Breaking Down the Wall*, (Calderón o.fl. 2020).

## Námsmat

Kennsluhættir og námsmat skulu vera fjölbreytt og taka mið af öllum hæfnisviðum: Skilningi (hlustun og lestri) og tjáningu (talmáli og ritun). Kennarar fylgist náið og reglubundið með framförum nemenda til að fullvíst sé að þeir þrói stöðugt íslenskufærni sína í samræmi við getu og aðstæður.

Námsmat<sup>7</sup> þarf ekki alltaf að fara fram með formlegum hætti heldur getur kennari t.d. ákveðið að fylgjast með ákveðnum nemanda í einhvern tíma og skrá hjá sér frammistöðu hans og framfarir. Hér koma hæfnirammarnir að góðum notum við áætlanagerð, markmiðasetningu og val á matsþáttum og verkefnum. Æskilegt er að nemendur taki þátt í eigin markmiðasetningu og séu meðvitaðir um framvindu námsins. Mælt er með leiðsagnarmati/leiðsagnarnámi þar sem endurgjöf fer fram jafnóðum.<sup>8</sup> Reglulega skal endurskoða þörf á stuðningi í samhengi við framfarir.

Mikilvægt er að foreldrar séu reglulega upplýstir um stöðu og framfarir barna sinna og þarfir þeirra fyrir stuðning. Hér er átt við bæði þann stuðning sem skólinn veitir og þann stuðning sem foreldrar geta veitt börnum sínum við námið og félagslega virkni þeirra. Einnig er mikilvægt að foreldrar fái tækifæri til að upplýsa skólann um þarfir, menningu og stöðu barnsins. Hafa verður í huga að það er mismunandi eftir einstaklingum hversu hratt þeir læra tungumálið og þar skipta máli ýmsar bakgrunnsbreytur s.s. tilfinningaleg líðan, fyrra nám, reynsla af íslensku og reynsla af móðurmálinu, stuðningur heima, væntingar (nemendanna sjálfra, foreldra og kennara), áhugahvöt og hversu mikið nemandi leggur sig fram. Eins geta nemendur fyrr náð góðri færni á einu hæfnisviði en verið lengur að ná tökum á öðru.<sup>9</sup>

Við lok grunnskóla skal gefa nemendum lokaeinkunn í íslensku sem öðru tungumáli ef þeir hafa fylgt viðmiðum um hæfni samkvæmt hæfnirömmum íslensku sem annars tungumáls síðasta veturinn í grunnskóla. Á því mati skal áframhaldandi nám byggja. Þó ber að hafa í huga að nemendur þurfa markvissa kennslu og stuðning þegar þeir byrja að fylgja aldurstengdum viðmiðum í íslensku.

7 Dæmi um verkefni sem henta vel til námsmats í íslensku sem öðru tungumáli:

Talað mál: myndbandsupptökur, aðrar hljóðupptökur, samtöl/viðtöl, umræður við bekkjarfélaga um viðfangsefni námsins, að lýsa myndum, frásagnir/kynningar, framburðaræfingar, munnleg próf.

Ritun: stutt ritunarverkefni (myndasögur, sögur, ritgerðir), lesskilningsverkefni, útdrættir, dagbækur, hugtakakort, safnmöppur með fjölbreyttum verkefnum, veggspjöld, verkefnabækur (orðabækur), gagnapróf og aðrar kannanir, ritgerðir í ýmsum námsgreinum.

Hlustun: hlusta á samtöl eða lesinn texta sem hentar hæfnistigi og svara fjölvalsspurningum til að kanna skilning, úrvinnsla getur líka verið myndræn eða munnleg..

Lestur: lesfímikannanir, lesskilningskannanir. Sjá líka 7. kafla um námsmat fyrir nemendur með fjölbreyttan bakgrunn í bókinni *Breaking Down the Wall* „From Assessment of Learning to Assessment for and as Learning“ eftir Margo Gottlieb og Andreu Honigsfeld (Calderón o.fl. 2020), bls. 135–160 og einnig víða í bókinni *Collaborating for English Learners* eftir Andreu Honigsfeld og Mariu G. Dove (2019).

8 Sjá t.d. bókina *Leiðsagnarnám* eftir Nönnu Kristínu Christiansen (2021).

9 Rannsóknir á sstuðningi og hvatningu foreldra við tungumálanám barna sinna benda til að þessi atriði skipti máli fyrir árangur einkum á leikskólaárum en síðar skipti mestu máli gæðakennsluhættir til að jafna tækifæri barna til að ná árangri í námi. Sjá t.d. rannsókn Leseman o.fl. „Young Children’s Exposure to Academic Language“ (Grøver o.fl. 2019).

## Hæfnirammur

Hæfnirammarnir eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Römmunum er ætlað að lýsa hæfni sem krafist er í notkun íslensku á öllum sviðum tungumálanáms.

Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur hæfni og stöðu hans í máltileinkuninni. Hæfnilýsingar, byggðar á hæfnilýsingum Evrópurammans, á stigum A1 – B1+ eru nýttar en þegar hæfni B1+ er náð er litið svo á að nemandi geti fylgt aldurstengdum viðmiðum í öllum námsgreinum, með stuðningi. 1. stig samsvarar A1 í evrópska rammanum, 2. stig samsvarar A2 og 3. stig samsvarar B1.<sup>10</sup>

### Hæfnistigin

Hæfnistigin eru: 1. stig, 2. stig og 3. stig, auk forstigs (FS). Dálkarnir í hæfnirömmum með hæfniviðmiðum eru hér sex þar sem 2. stig skiptist í 2 og 2+ og 3. stig í 3 og 3+. Ástæðan er sú að eftir því sem tungumálanám þróast, því ríkulegra verður umfang máls og málnotkunar. Gera þarf ráð fyrir lengri tíma til að ná hæfnistigum eftir því sem tungumálanámið þróast.

**Forstig** er fyrir nemendur þá sem eru ólæsir í móðurmáli sínu, þekkja ekki latneskt stafróf eða þurfa sérstaka þjálfun í íslenskum máhljóðum og að tengja þau við rittáknin. Áherslan er á lestur og íslenskt hljóðkerfi á þessu stigi. Þær hæfnilýsingar sem eiga við forstig eru þau viðmið sem unnið skal að. Að loknu forstigi er miðað við að nemendur nái hæfni sem lýst er á 1. stigi að því gefnu að hæfniviðmiðum forstigs sé náð. Forstignemendur eru byrjendur í íslensku tungumáli eins og nemendur á 1. stigi.

**1. stig** er fyrir nemendur sem teljast byrjendur í íslensku en eru vel læsir í móðurmáli, þekkja latneskt letur og eru fljótir að tileinka sér íslensk máhljóð og íslensk rittákn. Flestir nemendur taka hröðum framförum á þessu stigi. Áhersla er á grunnorðaförða, grunnþekkingu í íslenskri málfræði, einfaldar ritunaræfingar, mikinn lestur og hlustun auk markvissrar talþjálfunar í almennu, daglegu tali. Þegar hæfniviðmiðum 1. stigs er náð skal vinna að þeim viðmiðum sem lýst er á 2. stigi.

**2. stig.** Hér eru nemendur orðnir nokkuð færir í munnlegri tjáningu og hafa daglegan orðaförða nokkurn veginn á valdi sínu. Mikil orðaförðasöfnun á sér stað á þessu stigi og málfræðinotkun eflist. Kröfur um hæfni í rituðu máli aukast og áhersla er lögð á námsorðaförða<sup>11</sup> eftir því sem

10 *Common European Framework of Reference for Languages: Learning, Teaching, Assessment. Companion Volume.* (2018), (CEFR), einkum bls. 56-129.

11 Orðaförða má skipta í þrjú þrep eftir því hve algeng orðin eru og í hvaða samhengi þau eru notuð. Fyrsta þrepið er hinn daglegi orðaförði, grunnorðaförði, sem flestir eru fljótir að tileinka sér s.s. *matur, hús, bill, skóli, tala, skrifa*. Þessi orð er auðvelt að útskýra með myndum eða leika merkingu þeirra. Ekki má þó gera ráð fyrir að orð á þessu þrepi lærist af sjálfu sér vegna þess að mörg þeirra tilheyra heimilislífi og sum þeirra læra nemendur e.t.v. aðeins á móðurmáli sínu. Annað þrep orðaförðans eru orð sem hafa huglæga merkingu og eru meira notuð í ritmáli en talmáli s.s. *orsök, sóun, menning, innleiða*. Þessi orð er erfiðara að útskýra á einfaldan hátt og lærast seinna en orð á fyrsta þrepi. Á þessu þrepi eru líka samheiti orða á fyrsta þrepi sem sjaldnar eru notuð í daglegu tali s.s. *piltur, háhýsi, skriffæri*. Í þessum flokki eru líka tengiorð og orðasambönd. Þriðja þrep orðaförðans eru hin ýmsu sértæku orð námsgreinanna, t.d. *atóm, fruma, kolvetni, lunga*. Sum þeirra spanna stórt inntak námsgreina og skilningur á þeim felur í sér víðtæka þekkingu t.d. *spendýr, landbúnaður, ljóstíllifun*. Orð á öðru og þriðja þrepi liggja til grundvallar námsárangri og eru því kölluð námsorðaförði. Uppruna þessara kenninga og umfjöllun um rannsóknir á þessu sviði má lesa um í bókinni *Bringing Words to Life. Robust Vocabulary Instruction* (Beck, McKeown & Kucan, 2013).



kostur er. Nemendur fylgja aðlöguðum námsáætlunum í öllum bóklegum greinum. Stigið er tvískipt (2 og 2+). Þessi skipting auðveldar námsskipulagið og námsmátið. Þegar viðmiðum 2+ er náð, vinna nemendur að viðmiðum sem lýst er á 3. stigi.

**3. stig.** Hér eru nemendur komnir með góðan grunn í íslensku og geta einbeitt sér að því að safna orðaforða og þróa færni sína í námstengdri málnotkun á breiðum grunni á öllum hæfnisviðum, í öllum námsgreinum. Þriðja stig er tvískipt (3 og 3+). Þegar viðmiðum 3+ er náð er gert ráð fyrir að nemendur vinni eftir sömu námsáætlunum og nemendur með íslensku sem móðurmál í öllum námsgreinum með stuðningi til að byrja með.

## Hæfnisviðin

Hæfnisviðin eru:

### 1. Skilningur

- a. hlustun
- b. lestur

### 2. Tjáning

- a. talað mál – samskipti
- b. talað mál – frásögn
- c. ritun

### 1. Skilningur

#### a) Hlustun<sup>12</sup>

Að hlusta felur í sér að heyra, vinna úr og túlka talað mál með því að greina hljóð, talhraða, hljóðstyrk, hljómfall og áherslur sem hluta af samskiptaferlinu. Nemandinn þarf að ná tókum á því að skilja talað mál en því fylgir sú áskorun að orðin „hverfa“ skilningarvitunum eftir að þau hafa verið sögð. Endurtekning er mikilvæg til að nemandi heyri oft sömu orð og setningar, einnig í nýju samhengi. Auðveldast er að skilja það sem sagt er augliti til auglitis og nemandi er líklegri til að ná fyrr tókum á að skilja tungumál sem tengist reynslu hans og áhugasviði en það sem vekur síður áhuga hans og er honum framandi. Vert er að hafa í huga, sérstaklega varðandi nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur, að hlustun eykur einnig orðaforða og málskilning, t.d. samhliða lestri eða með sjónrænum stoðum.

Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir því að bjóða upp á fjölbreyttar hlustunaræfingar og gera sér grein fyrir mismunandi tilgangi þeirra. Hlustunaræfingar geta boðið upp á ýmsa þjálfun s.s. að greina máhljóð, greina orð sem nemendur þekkja eða þekkja ekki, skilja samhengi í samtali eða lesnum texta, fræðast um efni og fara eftir munnlegum fyrirsmælum. Einnig má þjálfa hlustun með eða án texta eða annarra sjónrænna stoða. Hlustun þjálfast í samskiptum við kennara, samnemendur og aðra sem tala íslensku við nemandann, svo og með hlustunaræfingum með eða án myndefnis.

<sup>12</sup> CEFR (2018), bls. 56–59

Forstig	1	2	2+	3	3+
<b>Nemandi</b>					
skilur einfalt mál sem varðar hann sjálfan, fjölskylduna, áhugamál, skólann og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt og getur þurft tíðar endurtekningar.	skilur einfalt mál sem varðar hann sjálfan, fjölskylduna, áhugamál, skólann og hans nánasta umhverfi og að nokkru leyti mál sem notað er í skólastarfi og í félagslegu samhengi, þegar talað er skýrt og getur þurft endurtekningar.	skilur skýrt daglegt talmál sem tengist honum sjálfum og fjölskyldunni, í náminu og daglegum venjum og samskiptum.	skilur í meginatriðum samtöl, viðtöl og umræður um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefni námsins, þegar talað er skýrt og lykilhugtök hafa verið kennd.	skilur dagleg samtöl jafningja og samskipti kennara og nemenda í skólastarfi sem skipta hann máli, án þess að þörf sé á tíðum endurtekningum.	skilur að mestu almennar samræður í kunnuglegu umhverfi ef talað er skýrt og greinilega.
skilur stuttar, einfaldar leiðbeiningar eins og stattu upp, lokaðu dyrunum o.fl. ef talað er hægt augliti til auglitis við hann, með stuðningi myndefnis, látbragðs eða annars stuðnings og endurtekið eftir þörfum.	skilur einfaldar upplýsingar og leiðbeiningar útskýrðar í fyrirsjáanlegum aðstæðum, þegar talað er mjög hægt og skýrt og með hléum.	skilur algeng fyrirmæli tengd skólanum og frístundum ef framsetning er skýr.	skilur og fylgir munnlegum fyrirmælum tengd skólanum, náminu og frístundum.	skilur nákvæmar leiðbeiningar og fyrirmæli tengd öllum námsgreinum sem hann leggur stund á.	skilur nákvæmar upplýsingar og leiðbeiningar um margvísleg málefni, sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans.
greinir einstök orð, nöfn og tölustafi sem hafa verið kennd í einföldu, hljóð- og myndefni.	getur fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með sjónrænum stuðningi.	fylgir söguþræði og skilur helstu atriði í frásögn, hafi hann stuðning af myndefni, gátlista eða öðru stoðefni.	skilur samhengi í frásögnum, umræðum eða auglýsingum í fjölmiðlum sem vekja áhuga hans.	skilur helstu atriði og mikilvægar upplýsingar í frásögnum og fræðslumyndum sem tengjast náminu, ef þær eru á skýru máli.	getur fylgst með flestu sem hann heyrir um almenn efni, sé talað skýrt og getur tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans.
	greinir ákveðnar upplýsingar í stuttu hljóð- og myndskreiði sem fjallar um efni sem nemandinn þekkir með orðaforða sem búið er að kenna.	fylgir efni sem fjallað er um í náminu þegar lykilhugtök og orðaforði hefur verið kenndur áður eða er útskýrður jafnóðum með viðeigandi sjónrænum stuðningi.	fylgir einfaldri kynningu, frásögn eða útskýringum, með sjónrænum stoðum og skýrum dæmum.	fylgir að mestu kynningum tengdum viðfangsefnum námsins, án stoðefnis ef talað er skýrt.	skilur megininntak efnis í kynningum, umræðum og umfjöllun um viðfangsefni námsins.

## b) Lestur<sup>13</sup>

Allt bóklegt nám byggir á góðri lestrarkunnáttu og mikla áherslu skal leggja á þessa hæfni. Við kennslu tungumálsins er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir stöðu nemandans í lestri (umskráningu og málskilningi) og átta sig á hvers konar lestrarþjálfun þörf er á. Nemendur sem eru að hefja nám sitt í 1. bekk og hafa ekki fengið þjálfun í lestri ættu að fylgja samnemendum sínum í lestrarnáminu en huga þarf vel að því að þeir búi yfir þeirri hljóðkerfisvitund sem þarf til að ná þeirri hæfni að yfirfæra íslensk málhljóð á stafi. Nemendur eru líka smám saman að auka við orðaforða og markviss orðaforðavinna er nauðsynleg samhliða lestrarnáminu. Ef nemandi er nýkominn til landsins á þessum aldri þarf hann sérstaka þjálfun í grunnorðaforða, íslensku hljóðkerfi og almennri málnotkun samhliða lestrarnáminu.

Sum eldri börn þekkja ekki íslenska stafrófið en búa hugsanlega yfir kunnáttu í ritmáli tungumála sem hafa aðra leturgerð og jafnvel aðra lestrarátt. Sumir eldri nemendur hafa brotna skólagöngu að baki og hefja skólagöngu á Íslandi ólæsir eða illa læsir í eigin móðurmáli. Þessum nemendum þarf að kenna að lesa á íslensku. Velja þarf leiðir sem henta hverjum einstaklingi og taka tillit til þeirrar bakgrunnsþekkingar sem hann kann að búa yfir. Mikla áherslu þarf að leggja á hlustun, greiningu málhljóða, tengingu þeirra við rittáknin og þetta þarf að þjálfra oft með miklum endurtekningum. Ólæsir nemendur eða nemendur með lestrarvanda þurfa mikinn stuðning og góðan tíma til að þjálfra lestur og þeir fylgja hæfniviðmiðum á forstigi.

Námstækifærin í vinnu með texta eru bæði tengd orðaforða og málfræði og margar og fjölbreyttar kennsluáðferðir er hægt að nýta með lestri texta.

13 *CEFR* (2018), bls. 60-67

Forstig	1	2	2+	3	3+
<b>Nemandi</b>					
tengir íslensk máhljóð við rittákn þeirra og veit að íslenska er lesin og skrifuð frá vinstri til hægri.	þekkir íslenska stafrófið og tölustafi.	getur lesið og skilið stuttan, einfaldan texta þar sem meginorðaforðinn varðar hann sjálfan og fjölskyldu hans og tengist aðstæðum og áhugamálum sem hann þekkir.	getur skilið stutta texta almenns eðlis með algeng- an orðaforða sem kemur oft fyrir í námi og starfi í skólanum.	getur lesið og skilið að mestu almenna texta og getið sér til um merkingu nýrra orða út frá samhengi.	getur fylgt meginhugmynd og rökum í texta sem er almenns eðlis og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi.
getur lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar.	getur lesið og skilið orð og setningar sem hafa verið kenndar.	getur lesið og skilið texta í ýmsum námsgreinum, þar sem meginorðaforði er kunnur eða nýbúið að kenna hann og með því að styðjast við hjálpargögn.	getur lesið og skilið innihald texta í námsefni með við- eigandi hjálpargögnum.	getur lesið og skilið texta í námsefni einkum ef unnið hefur verið með námsorða- forða, orð sem notuð eru þvert á námsgreinar (2. þrep) og orð sem tilheyra ákveðnum náms- greinum (3. þrep).	getur lesið fræðitexta sem hæfa aldri og þroska hans í öllum námsgreinum, með viðeigandi stuðningi.
getur getið sér til um merkingu ritaðs texta út frá mynd eða tákni.	getur skilið einföld orð, hugtök og einfaldar lykil- setningar sem koma oft fyrir í sama texta í náms- efni, sem kynntur hefur verið munnlega og/eða studdur myndefni.	getur greint lykilorðaforða í texta, skilið merkingu og hlutverk orðasambanda út frá stöðu þeirra í rituðum texta.	getur getið sér til um merkingu einstakra orða út frá samhengi og áætlað merkingu setningar, ef hann þekkir vel efnið sem um ræðir og það er á einföldu máli.	getur getið sér til um merkingu einstakra orða út frá samhengi og áætlað merkingu setninga ef hann þekkir efnið sem um ræðir.	getur fundið lykilupplýs- ingar í texta og safnað upplýsingum úr ýmsum textum til að leysa verkefni.
getur skilið mjög einföld skilaboð, studd með myndefni.	getur skilið stutt, einföld skilaboð.	getur skilið einföld per- sónuleg bréf, tölvupósta eða skilaboð á samfélags- miðlum.	getur auðveldlega lesið og skilið einfalda lista og texta s.s. uppskriftir og einfaldar leiðbeiningar.	getur skilið leiðbeiningar og farið eftir fyrir mælum í náminu, ef hann þekkir verkefnið eða aðferðina, þótt ekki fylgi myndir.	getur skilið leiðbeiningar og verklagsreglur sem settar eru fram í samfelldum texta, t.d. í handbók, ef hann þekkir verkefnið, aðferðina og/eða tækið.
getur skilið stuttar og myndskreyttar sögur með mjög einföldum texta.	getur skilið einfaldar stuttar, myndskreyttar frásagnir um daglegt líf.	getur fundið helstu upp- lýsingar í stuttum einföldum textum af ólíkum toga.	getur fylgt meginþræði í frétt í dagblaði eða á neti um kunnugt efni, ef myndir fylgja.	getur fylgt meginþræði í frétt í dagblaði eða á neti um kunnugt efni, þótt ekki fylgi myndir.	getur fundið viðeigandi heimildir til þess að leysa verkefni.

getur skilið kjarna í stuttum myndasögutexta þar sem myndir og talblöðrur hjálpa til við skilning á efninu.	getur skilið kjarna í myndasögutexta þar sem myndir og talblöðrur hjálpa til við skilning á efninu.	getur skilið að mestu leyti stuttar mannlýsingar í barna- eða unglingabók og lesið og skilið innihald einfaldrar sögu með viðeigandi hjálpargögnum.	getur lesið og skilið stuttar, einfaldar sögur og frásagnir á einföldu máli án hjálpargagna.	getur fylgt sögupræði í skáldsögum og myndasögum og lesið og skilið lýsingar á persónum, stöðum, viðburðum í frásögnum sem skrifaðar eru á einföldu máli.	getur lesið og skilið skáldsögur í fullri lengd, ljóð og texta sem höfða til hans og lesið og skilið meginatriði í umfjöllun um kvikmyndir og, bækur með viðeigandi hjálpargögnum.
---	---	---	--	---	--

## 2. Tjáning

### a) Talað mál – samskipti<sup>14</sup>

Að byrja að tala nýtt tungumál er verkefni sem krefst þjálfunar. Nemandi þarf að fá hvatningu til að taka áhættu í öruggu umhverfi. Fyrsta skrefið er að þora að nota algengar setningar og orð. Mikilvægt er að umhverfið sé jákvætt og hvetjandi, hvort sem er í skólastarfi, í hópi félaga eða í íþrótt- og frístundastarfi. Allir þurfa að leggjast á eitt við að aðstoða nemendur við að ná tökum á tungumálinu. Það á við um kennara og samnemendur í öllum námsgreinum verklegum sem bóklegum, auk alls starfsfólks skólans.

Lykilatriði í samskiptum er að þau séu merkingarbær fyrir nemandann. Í því felst að viðmælandinn sýni nemandanum tillitssemi og aðlagi mál sitt þörfum og hæfni hans, einfaldi mál sitt, tali skýrt, velji orð við hæfi og endurtaki eftir þörfum. Í daglegu tali er eðlilegt að mismæla sig, endurtaka, hika og hætta við hálfkláraða setningu. Tungumálið er í heild sinni flókið og í byrjun hefur nemandinn úr takmarkaðri kunnáttu og hæfni að spila. Því er ekki hægt að ætlast til mikillar nákvæmni eða lipurðar í málbeitingu, án þess að nemandinn hafi fengið þjálfun í að segja það sem hann vill segja. Mikilvægt er að kennari öðlist traust nemandans þannig að hann treysti sér til að æfa tungumálið og leyfi sér að gera mistök á meðan hann byggir grunninn.

Það eru til ýmsar leiðir til þess að þjálfar talað mál og samskiptahæfni í námi. Talþjálfun snýst um að þjálfar framburð, áherslu, hrynjandi, hraða, kurteisisreglur í samskiptum svo og allt það sem tengist öðrum hæfnisviðum tungumálsins, s.s. orðaforða, málfræðireglur, setningagerð, aðferðir til að halda samtali gangandi, óyrta hegðun í samskiptum, hlustun og skilning og menningarfærni. Þannig er nauðsynlegt að þjálfar talað mál markvisst í tungumálanámi, t.d. í leikjum, spilum og markvissum talæfingum með önnur hæfnisvið námsins í huga svo og það námsefni og þau viðfangsefni sem lögð eru til grundvallar í náminu. Forðast ætti að leiðrétta nemendur heldur leggja áherslu á innihald þess sem nemandinn vill koma á framfæri, frekar skal endurtaka á „réttan hátt“ það sem nemandinn segir „rangt“. Að öðrum kosti er hætt við að nemandinn gefist upp og missi móðinn. Einnig skal hvetja nemendur til að spyrja um merkingu orða og setninga sem þeir skilja ekki og kenna þeim að spyrja á íslensku. Leggja þarf áherslu á gagnkvæm samskipti í þörum, litlum hópum eða á milli nemanda og kennara. Mikilvægt er að hrósa nemendum og hvetja þá til dáða þegar þeir tjá sig.

14 CEFR (2018), bls. 83-92

Forstigi	1	2	2+	3	3+
<b>Nemandi</b>					
skilur og getur brugðist við daglegu máli við algengar aðstæður, sé talað mjög hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.	skilur og getur brugðist við daglegu máli við algengar aðstæður, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.	getur á nokkuð auðveldan hátt átt í samskiptum og stuttum samræðum með stuðningi viðmælanda.	getur gert sig skiljanlegan í samtali og komið á framfæri hugmyndum og upplýsingum um almenn málefni með stuðningi viðmælanda.	getur tekist á við flestar aðstæður í samskiptum sem líklegt er að komi upp í daglegu lífi.	getur tekið þátt í tiltölulega löngum samtölum um mikilvæg málefni ef viðmælandi gerir sér far um að sýna skilning og koma til móts við nemandann.
getur, með stuðningi viðmælanda, svarað spurningum sem varða hann sjálfan (t.d. hvaðan hann kemur, fjölskyldu, skóla, o.s.frv.).	getur tekið þátt í einföldum samræðum sem varða hann sjálfan (t.d. hvaðan hann kemur, fjölskyldu, skóla, o.s.frv.).	getur af öryggi tekið þátt í einföldum samræðum er varða fjölskyldu, vini, skólastarf, áhugamál, frí o.fl. en gæti þurft aðstoð við að halda samtalinu gangandi.	getur af öryggi tekið þátt í umræðum um dagleg málefni og algeng áhugamál (e.t.v. með stuðningi viðmælanda).	getur, án vandkvæða, átt samskipti í skólastarfi og utan skóla, við aðra nemandur í leik og námi.	getur hafið og haldið gangandi samræðum um eigin reynslu og áhugamál og notað viðeigandi málfar og orðaforða.
getur spurt nokkurra einfaldra spurninga sem honum hafa verið kenndar.	getur spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð sem hann hefur lært.	getur spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu.	getur skilið nægilega mikið til að leysa afmörkuð verkefni og getur beðið um endurtekningu, rætt hvað á að gera næst, brugðist við tillögum, beðið um og gefið ráð.	getur endurtekið það sem hefur verið sagt (t.d. fyrir-mæli kennara) og miðlað upplýsingunum nokkuð nákvæmlega til samnemenda eða foreldra.	getur staðfest skilning á upplýsingum með því að spyrja og biðja um nánari útskýringar.
getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt og svarað einföldum spurningum, með stuðningi viðmælanda, t.d. <i>Viltu lána mér strokleður? Viltu hjálpa mér? Má ég ...? Hvar er ...? Viltu segja þetta aftur?</i>	getur skilið spurningar, fyrir-mæli og fylgt stuttum, einföldum leiðbeiningum, t.d. um tíma, staði og brugðist við þegar talað er hægt og skýrt og beðið um aðstoð á einfaldan hátt.	getur tekið þátt í einföldum, skýrt afmörkuðum verkefnum, beðið um hluti, eða upplýsingar og ákveðið með öðrum hvað á að gera næst.	getur átt í samskiptum í skólastarfinu sem krefjast einfaldra samskipta til að leysa verkefni með samnemendum.	getur beðið um og fylgt margþættum fyrir-mælum til hlítar og á auðveldan hátt unnið í hópvinnu í náminu og lagt sitt af mörkum.	á auðvelt með að eiga samskipti í hópvinnu, getur útskýrt hvers vegna e-ð er vandamál og komið með tillögur að mögulegri lausn.

getur kynnt sig, heilsað og kvatt og spurt einfaldra spurninga á viðeigandi hátt t.d. <i>Takk fyrir matinn, sjáumst, bless, hvað segirðu gott?</i>	getur kynnt sig, heilsað og kvatt og spurt einfaldra spurninga á viðeigandi hátt t.d. <i>Takk fyrir matinn, sjáumst, bless, hvað segirðu gott?</i>	getur tekist á við flest samskipti í daglegu lífi og í náminu og notað viðeigandi orðaforða með viðeigandi stuðningi.	getur tekist á við flest samskipti í daglegu lífi og í náminu og notað viðeigandi orðaforða.	getur útskýrt og fjallað um verkefni í skólasterfi.	getur rætt og rökstutt vinnu og úrlausn verkefna í öllum námsgreinum.
getur látið í ljósi, með takmörkuðum orðaforða, hvað honum líkar vel eða illa (notar látbragð og sjónræn gögn til stuðnings).	getur látið í ljósi, með takmörkuðum orðaforða, hvað honum líkar vel eða illa.	getur með viðeigandi stuðningi útskýrt aðstæður eða misskilning sem getur komið upp í samskiptum við aðra.	getur í einföldu máli skipst á skoðunum og borið saman hluti t.d. <i>stærri en, betri en, eins og.</i>	getur kurteislega látið í ljós álit, samþykki eða verið ósammála og boðið öðrum að láta í ljós skoðun sína.	getur að mestu tekið þátt í umræðum og rætt um viðfangsefni í hinum ýmsu námsgreinum.



## b) Talað mál – frásögn<sup>15</sup>

Ótal æfingar eru til sem geta stutt nemandann í að öðlast færni, betri framburð og sjálfsöryggi áður en hann fer að spreyta sig á að tala í raunverulegum aðstæðum: Horfa á hvernig fólk talar í sjónvarpi (framkoma og framsögn með svipbrigðum og látbragði), hlusta á útvarp, sjónvarp, tónlist og annað efni af netinu, syngja, segja sögur, fara með rím og þulur. Það málsnið sem notað er mótast af aðstæðum hverju sinni. Það getur verið formlegt eða óformlegt, tekið mið af aldri, kyni, menntun, hvort talað er við einn eða fleiri, í einkasamtali eða í fjölmenni.

Þekkt er að nemendur sem læra tungumál á nýju málsvæði fara í gegnum þögult tímabil sem getur tekið mislangan tíma.<sup>16</sup> Hlutverk þess er m.a. það að nemandi læri að greina á milli hljóða í nýja tungumálinu t.d. hvenær orð byrja og enda. Á meðan á þessu þögla tímabili stendur getur farið fram heilmikið nám og mikilvægt er að gera ekki óraunhæfar kröfur og væntingar til nemenda um munnlega tjáningu. Sum börn byrja að tjá sig fljótt en önnur bíða með það, jafnvel í margar vikur. Nemendum, foreldrum og kennurum þarf að vera ljóst að það er eðlilegt að þetta geti tekið mislangan tíma en þó er mikilvægt að gefa nemendum bæði hvatningu og fjölmörg tækifæri til tjáningar.

<sup>15</sup> CEFR (2018), bls. 68–74

<sup>16</sup> Krashen (1981).

Forstig	1	2	2+	3	3+
<b>Nemandi</b>					
getur með einföldum hætti gefið upplýsingar um sjálfan sig, t.d. nafn, heimilisfang, fjölskyldu, þjóðerni.	getur með einföldum hætti gefið upplýsingar um sjálfan sig, t.d. nafn, heimilisfang, fjölskyldu, þjóðerni.	getur í einföldu máli sagt frá fjölskyldu sinni, heimili, skólagöngu og áhugamálum.	getur sagt frá áætlunum og skipulagi, venum og daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu.	getur á lipru máli lýst viðfangsefnum sem vekja áhuga hans og hann þekkir vel.	getur af öryggi tjáð sig um efni sem tengist daglegu lífi í skóla og frístundum.
getur á mjög einfaldan hátt sagt frá fólki sem hann þekkir, á mjög einfaldan hátt, sér í lagi eigin fjölskyldu, t.d. Hann/hún heitir, hann/hún á heima.	getur sagt frá fólki sem hann þekkir, sér í lagi eigin fjölskyldu.	getur lýst fólki, stöðum og hlutum á einfaldan hátt.	getur sagt stutta sögu eða lýst framvindu hennar í aðalatriðum.	getur sagt sögur, lýst draumum, vonum og væntingum.	getur sagt sögur, lýst reynslu, vonum og væntingum og á lipran hátt tjáð tilfinningar gagnvart einhverju sem hann hefur upplifað og gefið ástæður sem útskýra þessar tilfinningar.
getur tjáð sig um viðfangsefni daglegs lífs, með sjónrænum stoðum, s.s. svipbrigðum, látbragði, hlutum, eða öðrum aðferðum.	getur tjáð sig um viðfangsefni daglegs lífs, með eða án sjónrænna stoða, t.d. getur sagt frá því sem hann ætlar að gera um helgina eða í fríinu.	getur notað einföld orðasambönd og setningar til að lýsa aðstæðum t.d. lýst leið milli staða.	getur lýst hversdagslegum þáttum í umhverfi sínu, t.d. fólki, stöðum, reynslu og borið saman hluti á einfaldan hátt t.d. stærri en, minni en.	getur sagt í smáatriðum frá atburðum, reynslu, lýst tilfinningum, raunverulegum eða ímynduðum og viðbrögðum við þeim.	getur lýst söguþræði í kvikmynd sem hann hefur séð eða bók sem hann hefur lesið, lýst skoðun sinni og rökstutt.
getur sagt til um líðan og tilfinningar með einföldum orðum t.d. glaður – þreyttur.	getur sagt hvernig honum líður á einfaldan hátt.	getur tjáð persónulegar tilfinningar og skoðanir á einfaldan hátt og útskýrt hvað hann vill eða honum líkar/mislíkar.	getur lagt áherslu á lyklatríði á viðeigandi hátt, tjáð sig um það sem honum líkar eða mislíkar.	getur nokkuð óhikað tjáð tilfinningar og komið skoðunum og sínum á framfæri, t.d. á kvikmynd eða bók.	getur af öryggi komið skoðunum og tilfinningum sínum á framfæri og rökstutt þær.
getur stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer.	getur stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer og sagt fullt nafn á skólanum sínum.	getur sagt í hverju hann er góður/ekki góður (t.d. íþróttir, leikir, námsgreinar).	getur flutt stutta, æfða kynningu um efni sem varða daglegt líf hans eða efni tengt náminu með stuðningi.	getur óhikað flutt undirbúna kynningu á efni sem hann þekkir af talsverðri nákvæmni.	getur útbúið og flutt kynningu á efni sem hann þekkir og getur svarað spurningum um efnið.

### c) Ritun<sup>17</sup>

Ritun er nátengd öðrum hæfnisviðum sér í lagi lestri en framfarir og færni í ritun liggur til grundvallar námsárangri. Nemendur sem eru að hefja nám í 1. bekk fylgja samnemendum sínum í námi en fylgjast þarf sérstaklega vel með því hvort hæfnin til að greina máhljóðin og tengja þau við rittáknin sé til staðar. Hugsanlega þurfa einhverjir nemendur á þessum aldri sértækan stuðning í ritun. Það sama gildir um eldri nemendur sem ekki hafa lært latneska stafagerð og eru að læra hana í fyrsta skipti. Þessir nemendur fylgja hæfniviðmiðum á forstigi. Einnig er æskilegt að leyfa nemendum að nota móðurmál sitt í ritunarverkefnum til að byrja með ef þeir búa yfir þeirri kunnáttu og treysta sér illa til að skrifa íslensku fyrst í stað. Ritun á móðurmáli getur verið í bland við íslensku til að byrja með og svo má með aukinni íslenskufærni smám saman þýða móðurmálið yfir á íslensku og auka þannig hlut íslenskunnar í ritunarverkefnum.

Þegar æfa á ritun skiptir máli að byrja á einföldum viðfangsefnum og tengja ritunina öðrum færniþáttum. Dæmi um einföld ritunarverkefni eru textar í talblöðrum og við myndir sem nemandinn hefur tekið eða teiknað sjálfur. Nemendur byrja að vinna með einfaldan orðaforða og stuttar setningar en smám saman eru gerðar meiri kröfur um uppsetningu, málfar, stafsetningu, orðaforða, setningagerð og inntak, allt í samræmi við þau viðfangsefni sem fengist er við hverju sinni í náminu.

Margar aðferðir eru til sem styðja við ritunarþjálfun. Í fyrstu er hægt að styðja við færni nemenda í ritun með gátlistum, orðalistum og hugtakakortum en draga síðan úr þeirri aðstoð þegar nemendur fara að fóta sig. Það er nauðsynlegt að nemendur fái líka tækifæri til að vinna á skapandi hátt með tungumálið, skrifa frjálst þar sem fyrst og fremst er horft á inntak. Næmi fyrir stafsetningu er hægt að styrkja með góðri hljóðvitund. Hana er hægt að þjálfra með því hlusta og greina hljóð og leggja sig eftir að nemandinn heyrir skýran framburð.

Nemendur þurfa að fá mörg tækifæri til að þjálfra ritun reglulega, helst daglega, alveg frá fyrsta degi námsins. Síðar, þegar nemandi hefur náð nokkurri færni í ritun, er mikilvægt að hann skrifi sem flestar textategundir og að ritunin hafi tilgang, þ.e. að skrifað sé með lesendur í huga. Flestar gerðir ritaðs texta krefjast ákveðins forms eða uppbyggingar, t.d. bréf, skilaboð, frétt, ljóð en sögur og námsritgerðir gegna lykilhlutverki, að nemendur nái tökum á uppbyggingu slíkra textategunda. Það þarf að gefa nemendum tíma og gæta þess að nákvæmniskröfur dragi ekki úr þeim kjarkinn og umfram allt að sníða verkefni og kröfur að hæfni hvers og eins.

Málvitund nemenda eykst með markvissri og mikilli notkun málsins við margvíslegar aðstæður og í fjölbreyttum viðfangsefnum. Einnig má hvetja nemendur til að skoða og kanna hvernig orðaforði og málfræði fléttast inn í texta og gefur honum líf, lit og lögun. Skrifleg tjáning er ein besta leiðin til að ná leikni í að beita málkerfinu rétt og nota orðaforðann markvisst. Þess vegna er nauðsynlegt að ritað mál sé eðlilegur og reglulegur þáttur í viðfangsefnum námsins og að nemendur fái þannig mörg tækifæri til að tjá sig skriflega án þess að textinn þurfi að vera langur og viðamikill í hvert skipti. Benda má á gagnsemi þess að nemendur semji texta saman og þjálfist í að skrifa í skrefum eða ferilritun.<sup>18</sup>

<sup>17</sup> CEFR (2018), bls. 75-77

<sup>18</sup> Endurgjöf á ritaðan texta er mikilvæg, þar sem nemendur fá nákvæmar upplýsingar um hvað og hvernig má vinna eitthvað betur, sjá t.d. Black, P. og Wiliam, D. (2001).

Þegar líður á námið ber að hafa í huga það markmið að nemendur með íslensku sem annað tungumál noti sömu aldurstengdu hæfniviðmið í íslensku og samnemendur þeirra, sem eiga íslensku að móðurmáli og ekki úr vegi að hafa þau hæfniviðmið einnig til hliðsjónar við gerð námsáætlana eftir því sem hæfnin eykst. Hér spila ritun og orðaforði stórt hlutverk.

Forstig	1	2	2+	3	3+
<b>Nemandi</b>					
getur skrifað íslenska staf-rófið eftir fyrirmynd.	getur skrifað stök orð og einfaldar setningar og orðasambönd um sjálfan sig.	getur skrifað einfaldan texta um persónulega hagi, fjöl-skyldu sína, skólagöngu, með eða án mynda.	getur skrifað einfaldan, samfelldan texta um efni sem tengist daglegum athöfnum, líðan og við-horfum með stuðningi hjálpargagna.	getur kynnt efni í stuttri skýrslu eða á veggspjaldi, með myndum og stuttum textum.	getur skrifað samfelldan texta um margvísleg efni og tengt efnisgreinar í línulega, rökrétta heild með við-eigandi tengiorðum.
getur skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.	getur skrifað nafn sitt og heimilisfang og fullt nafn skólans.	getur skrifað einfaldan texta um efni sem hann þekkir vel og tengt setningar með tengiorðum t.d. og, svo, þá.	getur skrifað texta og tengt stakar setningar með einföldum tengiorðum t.d. og, en, eða.	getur tengt stakar setningar með fjölbreyttum teng-ingum t.d. af því að, vegna þess, samt sem áður.	getur skrifað ritgerðir með inngangi, meginmáli og lokaorðum og notað mikil-vægan námsorðaforða.
getur skrifað nafnið sitt.	getur skrifað stök orð og tölur á merkimiða, hjá mynd, landakorti eða skýringarmynd.	getur samið og skrifað ein-faldar sögur og einföld ljóð með stuðningi mynda, gát-lista eða hugarkorts.	getur skrifað stuttar, ein-faldar lýsingar á atburðum, fyrri viðfangsefnum og reynslu.	getur gert grein fyrir reynslu, lýst tilfinningum og viðbrögðum í samfelldum texta.	getur tjáð skriflega skoðun sína á kvikmyndum, bókum eða sjónvarpsþáttum með viðeigandi orðaforða.
getur afritað orð og setningar.	getur notað orð og orða-sambönd til að lýsa ákveðn-um hversdagslegum hlutum t.d. lit eða stærð.	getur skrifað einfaldar lýsingar á fólki og stöðum.	getur skrifað inngang eða framhald af sögu einhvers annars með stuðningi hjálpargagna.	getur skrifað stuttar, ein-faldar ritgerðir um efni sem unnið er í námsgreinum.	getur skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inn-tak og tilgang.
getur skrifað stök orð og setningar inn í talblöðrur í teiknimyndasögum.	getur skrifað einfaldar setningar til að lýsa atburðum í myndasögum eða á mynd-um hafi efnið verið rætt í hópnum og orðin kennd.	getur, með viðeigandi stuðningi, tjáð skoðun sína í rituðu máli um málefni sem tengjast honum persónulega.	getur skrifað um efni á eigin áhugasviði.	getur skrifað stutt persónu-legt bréf eða stutta færslu sem lýsir reynslu og hug-hrifum.	getur skrifað texta um efni sem er ofarlega á baugi eða áhugavert málefni, getur dregið ályktanir og túlkað boðskap og rökstutt skoðun sína.
getur teiknað röð mynda til að segja frá sjálfum sér og með aðstoð skrifað stök orð/setningar sem lýsa því sem gerist á myndunum t.d. einfalda dagbók.	getur skrifað dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólki og stöðum í einföldu máli.	getur skrifað dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólki og stöðum.	getur samið einfalda sögu eða fráögn, t.d. um atburði í sumarfríi eða vetrar-leyfi – eða um líf í fjarlægri framtíð.	getur samið sögu þar sem lýst er atburði eða ferða-lagi – raunverulegu eða ímynduðu.	getur skrifað heilsteypta frásögn með viðeigandi uppbyggingu.

## Menningarfærni

Kafli 7.12 í aðalnámskrá grunnskóla hljóðar svo:

*Á Íslandi er lýðræðislegt samfélag þar sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið lögfestur. Samkvæmt sáttmálanum skulu öll börn njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana, ætternis, fjötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra. Þessi ákvæði skulu endurspeglast í skólasamfélaginu þar sem réttur hvers og eins er virtur.*

*Skólasamfélagið skal einkennast af samvinnu, jöfnuði og lýðræði þar sem öllum líður vel, fjölbreytt menning fær að blómstra, hvatt er til virkrar þátttöku og raddir allra fá að heyrast. Leggja skal áherslu á að fjölmeningarleg gildi endurspeglast í verkefnavali, námsgögnum, náms- og kennsluáferðum og vinnubrögðum í öllu skólastarfi. Eitt af meginhlutverkum grunnskólans samkvæmt markmiðsgrein laga um grunnskóla er að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.<sup>19</sup>*

Huga þarf sérstaklega að því að nemendur með íslensku sem móðurmál annars vegar og nemendur með íslensku sem annað tungumál hins vegar blandist félagslega. Stefnt skal að inngildingu<sup>20</sup> og leita allra leiða til að allir nemendur upplifi að þeir tilheyri skólasamfélaginu. Í skólastarfi þarf að ríkja skilningur fyrir og ekki síður þekking á ólíkum siðum og venjum. Mikilvægt er að eiga samtál um gildi og viðmið, bera virðingu fyrir og taka mið af öllum sjónarmiðum. Áhugavert getur verið að bera saman það sem er líkt og ólíkt í mismunandi samfélögum og hópum (menningarkimur) og ræða hvaða þættir móta menningu. Inn í þetta fléttast einnig þekking á landfræðilegri legu Íslands, helstu stöðum á landinu, veðurfari, staðháttum, náttúru og sögu. Fólk mótast af umhverfi sínu og hver og einn skynjar veruleikann á sinn hátt. Fyrir alla nemendur eru mörg og mikilvæg námstækifæri fólgin í því að hlusta á sögur samferðafólks og reyna að skilja hvað mótast hvern einstakling.<sup>21</sup>

Menningarfærni skal fléttast inn í nám og kennslu íslensku sem annars tungumáls og hægt er að nýta eftirfarandi viðmið sem dæmi:

- Nemandi kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi á Íslandi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og átti sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í eigin menningu, þekki t.d. rauðu dagana í íslenska dagatalinu og fyrir hvað þeir standa. Einnig er áhugavert fyrir alla nemendur að kynna sér rauða daga í dagatölum frá upprunalöndum samnemenda sinna.
- Nemandi þekki menningu skólans, þ.e. ýmis sérkenni og hefðir sem skólasamfélagið hefur skapað sér.
- Nemandi þekki til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra, talsmáta barna/unglinga.

19 Aðalnámskrá grunnskóla (2021).

20 Skilgreining á hugtakinu *inngilding* (e. inclusion) er: „Menntastefna sem felur í sér að allir nemendur fái notið sín og séu viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur“ (Málið.is).

21 Í kafla eftir Debbie Zacarian og Diane Staehr Fenner í bókinni *Breaking Down the Wall* (Calderón o.fl. 2020) er fjallað sérstaklega um kosti og leiðir til að vinna með sögur fólks og hvað þarf að hafa í huga við slíka vinnu.

- Nemandi þekki nærumhverfi sitt og þá þjónustu sem er í boði þar, t.d. bókasafnið og íþróttá- og frístundastarf.
- Nemandi þekki nokkuð til landfræðilegra þátta, staðhátta og þekktra staða á Íslandi.
- Nemandi átti sig á hvað er líkt og hvað er ólíkt við tungumálin, þ.e. íslensku og eigið eða eigin tungumál og önnur tungumál sem nemandi þekkir. E.t.v. er skyldleiki milli þeirra sem mikilvægt er fyrir nemendur að nýta sér.
- Nemandi læri smám saman hvaða málsnið á við í mismunandi samskiptum og í ólíkum aðstæðum.
- Nemandi þekki réttindi sín samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Nemandi upplifi menningu á fjölbreyttan hátt í gegnum bókmenntir, myndlist, leiklist, tónlist.
- Nemandi fái rík tækifæri til að kynna og ræða eigin menningu og tungumál.
- Nemandi upplifi að borin sé virðing fyrir þekkingu hans og reynslu, gildum og skoðunum.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. (2021). Mennta- og menningarmálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalsnamskra-grunnskola-3-utg-15112021.pdf>

Beacco J., Fleming, M., Goullier, F., Thurman, E., Vollmer, H. (2016) *A handbook for curriculum development and teacher training. The Language Dimension in all Subjects*. Council of Europe.

Beck, I.L., McKeown, M.G., Kucan, Linda. (2013). *Bringing words to life. Robust Vocabulary Instruction*. Guildford.

Black, P. og Wiliam, D. (2001). Inside the black box. *Phi Delta Kappan*, 80(2), 139–148.

Calderón M.E., Fenner D.S., Honigsfeld A., Slakk S., Zacarian D, Dove M.G., Gottlieb M., Singer T.W., Soto I. (2020). *Breaking Down The Wall*. Essential shifts for English learners' success. Corwin.

Council of Europe. (2020). *Common European Framework of Reference for Languages: Learning, Teaching, Assessment (CEFR). Companion Volume*. Strasbourg: Council of Europe Publishing. <https://rm.coe.int/common-european-framework-of-reference-for-languages-learningteaching/16809ea0d4>

Cummins, J. (2008). Bics and CALP: Empirical and Theoretical Status of the Distinction. Í Street B. & Hornbecker, N.H. *Encyclopedia of Language and Education*, 2. Útg: II: Literacy (771-83). Springer Science + Business Media LLC.

Gass, S. M.; Behney, J., Plonsky, L. (2020). *Second Language Acquisition. An Introductory Course* (fifth edition). New York: Routledge.

Grøver, V.; Uccelli, P.; Rowe, M. L.; Lieven, E. (ritstjórar). (2019). *Learning through language. Towards an Educationally Informed Theory of Language Learning*. Cambridge University Press.

Honigsfeld, A. og Dove, M. (2019). *Collaboration for English Learners. A Foundational Guide to Integrated Practices*. Corwin.

Krashen, S. D. (1981) *Bilingual Education and Second Language Acquisition Theory*. (1981). Í *Schooling and Language Minority Students. A Theoretical Framework*.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2020). *Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi*. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leidarvisir%20um%20studning%20vid%20modurmal\\_islenska.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leidarvisir%20um%20studning%20vid%20modurmal_islenska.pdf)

Málið.is. Nútímamál, Íðorðabankinn. <https://malid.is/leit/inngilding>

Moe, E., Harmala, M., Kristmanson, P.L., Pascoal, J., Ramonoené, M. (2015). *Language skills for successful subject learning. CEFR-linked descriptors for mathematics and history/civics*. Council of Europe.

Nanna Kristín Christiansen. (2021). *Leiðsagnarnám. Hvers vegna, hvernig, hvað?* Höfundur gefur út.

Þingskjal 310/2020-2021. Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030. <https://www.althingi.is/alttext/pdf/151/s/0310.pdf>



**Aðrar námskrár og hæfniramar sem haft var til hliðsjónar:**

*Curriculum for the compulsory school, preschool class and school-age educare.* (2018). Skolverket.

*English as an Additional Language Curriculum. Draft for familiarisation, feedback and optional implementation.* (2019). Victorian Curriculum and Assessment Authority.

*English Language Learning (ELL) Standards.* (2017). Ministry of Education, Province of British Columbia.

*English language proficiency benchmarks for non-English-speaking students at post-primary level.* (2003, sept). Integrate Ireland Language and Training.

*Manitoba Kindergarten to Grade 12 Curriculum Framework for English as an Additional Language (EAL) and Literacy, Academics and Language (LAL) programming.* (2021). Manitoba.  
<https://www.edu.gov.mb.ca/k12/cur/eal/framework/index.html>



MENNTAMÁLASTOFNUN

2895